

Borgarráð
11. október 2018

Tillaga borgarráðsfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um heildarúttekt á endurgerð braggans við Nauthólsveg 100

Borgarráð samþykkir að fela Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar að ráðast í heildarúttekt á öllu því ferli sem endurgerð braggans fól í sér. Enginn angi málsins skal vera undanskilinn og allt skal upplýst í þessu máli frá upphafi til enda. Einnig er óskað eftir því að Innri endurskoðun Reykjavíkur geri tillögur að umbótum í tengslum við það sem aflaga hefur farið og í bága við vandaða stjórnsýsluhætti.